



Skýrsla landsliðsnefndar LH 2018



Landsliðsnefnd LH var þannig skipuð: Kristinn Skúlason formaður, Helgi Jón Harðarson, Haukur Baldvinsson, Jóna Dís Bragadóttir, Magnús Benediktsson og Guðni Halldórsson.

Sigurbjörn Bárðarson liðsstjóri, Sigurður Vignir Matthíasson og Arnar Bjarki Sigurðarson aðstoðarmenn liðsstjóra ásamt Árný Oddbjörgu Oddsdóttir upplýsingafulltrúa.

Aðalverkefni nefndarinnar og liðstjóra 2018 var NM haldið á Margaretehof í Krisianstad í Svíðþjóð heima hjá Montan fjölskyldunni dagana 7-12 ágúst 2018.

Undirbúningur fyrir NM 2018 hófst í apríl, nefndin fundaði á tveggja vikna fresti og fór yfir stöðu mála varðandi styrktaraðila og fleirri mál, aðal verkefni nefndarinnar var að fjármagna ferðina finna styrktaraðila og undirbúa stór viðburðinn þeir allra sterkustu það mót gekk mjög vel.



Send var út fréttu tilkynning vegna umsóknar fyrir val í landsliðið frestur til að skila inn umsókn var til 15.maí 2018, nefndin lagði mikla áherslu á að fá sem flesta unglinga og ungmenntu, í þetta sinn var um að ræða stóran hóp knapa, stærsta landslið sem keppt hefur fyrir Íslands hönd á erlendri grundu 32 knapar með 38 hross ýmsir íslenskir aðilar á erlendri grundu buðu fram aðstoð sína með að lána hesta

Skipaður var fulltrúi yngri kynslóðarinnar, Anna Björg Níelsdóttir Sunnuhvoli og var hún jafnframt trúnaðarfulltrúi okkar gagnvart yngri flokkunum þar sem að þau gátu leitað til hennar ef eitthvað bjátaði á í blíðu og stríðu, auk þess voru foreldrar sumra af yngri kynslóðinni með á mótinu.

FUNDARTJALD:

Ákveðið var að fá tjald á leigu þar sem knapar gátu sest niður og fengið sér létt að borða, ávexti og vatn, ennfremur voru haldnir þar verklagsfundir á hverjum degi sem boðað var til á facebooksíðu liðsins og var mikil skilvirkni með þeim boðunarhætti þar sem nær undantekningarlaust var 100% mæting.



ÁRANGUR LIÐSINS:

Tveir fullorðinsflokkar A flokki 4 keppendur , 4 keppendur B flokki , einnig 4 keppendur í ungmennaflokki og 4 keppendur í unglingaflokki.

Og komust færri að en vildu í ungmennaflokkinn, bæði hvað varðar sport og gæðingakeppnina en í unglingunum þurfti að vera betri þátttaka.

Í sportkeppninni, höfðum við rétt á að senda 14 keppendur í fullorðnu flokkana og 8 keppendur í ungmennaflokkinn, og 3 keppendur í unglingaflokkinn.

Biðlisti var að komast að í ungmennflokknum og komust færri að en vildu þar, en unglingunum vantaði uppá að fylla upp í þá tölu keppenda sem okkur var heimilt að senda,

sama átti við um fullorðna, ekki var fullt nýttur sá fjöldi sem leyfilegur var og valdi liðstjóri þá sem hann taldi að ættu erindi í keppnina, annaðhvort með það fyrir augum, að sjá hvar viðkomandi væri staddur með sinn hest með hliðsjón á stöðu með hrossið í framhaldi af vali í keppnina á heimsleikana í Berlín 2019.

Gullverðlaun Íslands

Védís Huld Sigurðardóttir hampaði 5 gull verðlaunum , sigraði allar þær greinar sem hún var þátttakandi í að undanskildu tölti þar dró hún sig út úr A úrslitum.



Gullverðlaun Íslands

Arnór Dan Kristinsson kom með tvö gullverðlaun, samanlagður sigurvegari í 4.gangs greinum og sigurvegari í tölti ungmenna og annar í 4.gang



Gullverðlaun Íslands

Haukur Tryggvason, sigurvegari í 4.gang fullorðinna og annar í töltili og samanlagður sigurvegari í 4.gangs greinum.



Í lokaathöfninni fengu íslensku keppendurnir Haukur Tryggvason og Védís Huld Sigurðardóttir þau eftirsóttu verðlaun Featherprize, fyrir framúrskarandi og fallega reiðmennsku, sem valin er af dómurum, og er mikil viðurkenning.



Silfurveðlaun Íslands

Haukur Tryggvason í tölta og samanlögðum 4.g greinum,
Egill Már Þórsson, ungmenni samanlagðar 5.gangsgreinar og 5gangur
Arnar Dan Kristinsson, 4.gangur ungmenna.
Hákon Dan Ólafsson, 250 metra skeið ungmenna
Sigurður Vignir Matthíasson, A flokkur
Sigurður Óli Kristinsson, B flokkur

Bronsverðlaun Íslands

Viktoría Eyk Elvarsson, slaktaumakeppni ungmenna
Sigurður Sigurðarson. B flokkur
Sigurður Sumarliðason, gæðingaskið

Aðrir verðlaunahafar

4 sæti, og B úrslitasæti Finnur Bessi A flokkur
Selma Leifsdóttir, unglingar gæðingakeppni
Glódís Rún Sigurðardóttir, 4 gangur ungmenna
Askja Ísabell, 5 gangur unglinga, og 5 sæti gæðingaskið unglinga
Viðar Ingólfsson, B úrslit 5 gangur, 4 sæti samanlögðum greinum
Arnar Máni Sigurjónsson, A úrslit unglingaflokkur gæðingakeppni,
Hákon Dan Ólafsson, 5 sæti 100 metra skeið unglinga
Reynir Örn Pálmason, 5 sæti T2 fullorðinni
Valdís Björk Guðmundsdóttir, 5.sæti 5 gangur ungmenna
Katla Sif Snorradóttir, 5. sæti 4.gangur ungmenn
Ylva Guðrún Svavarsdóttir, 5.sæti ungmennaflokki í gæðingakeppninni
Guðlaug María Guðnadóttir, 5.sæti 100m skeið,
Þórður Þorgeirsson, B úrslit 5.gangur, 5.sæti gæðingaskið, og samanlögðum
5.gangsgreinum
Sölvi Sigurðarson 6.sæti B flokkur
Teitur Árnason B úrslit 5.gangur
Guðmundur Freyr Magnússon gæðingakeppni ungmenna

Því mætti segja að árangur liðsins hafi verið mjög ásættanlegur, þó að veikleiki hafi verið hjá liðinu á 5.gangs vængnum og í skeiðgreinunum, þar sem styrkur okkar var ekki þar sem skildi, sumstaðar töpuðust gull eins og í tölta í fullorðinsflokknum hjá Hauki Tryggvason þegar sætaröðun átti sér stað.

Virðingafyllst

Landsliðsnefnd LH

Styrktaraðilar landsliðsins eru:

BLUE LAGOON
ICELAND

VÍS

ICELANDAIR
CARGO

vita
SPORT

Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.

LÍFLAND
Stofnað 1917

Coca-Cola
EUROPEAN PARTNERS